

7. gr.

Rétt til þess að kalla sig Ljós módur og starfa sem slík hér á landi hefur sá aðili einn, er lokið hefur prófi frá Ljós mæðraskóla Íslands eða hliðstæðu prófi og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

V. KAFLI

Um rekstur skólans.

8. gr.

Kostnaður við rekstur Ljós mæðraskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Ljós mæðraskóla Íslands nr. 35/1964 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 82/1932.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. ágúst 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 229 30. apríl 1981 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis.

1. gr.

Í fyrsta málsl. 3. mgr. 5. gr. reglanna falli orðin „eða flutt búslóð sína hingað til lands“ brott.

2. gr.

9. gr. reglanna orðist svo:

Verði hækkun á tollum eða öðrum gjöldum á lögðum við innflutning, t. d. vegna ákvarðana um breytingu á tollaafgreiðslugengi eða af öðrum ástæðum, undanþiggja ákvæði þessara reglna viðkomandi innflytjanda ekki greiðslu hækkaðra gjalda við endanlega tollaafgreiðslu viðkomandi ökutækis nema annað sé tekið fram í lögum eða öðrum fyrirmælum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 10. tl., 1. mgr. sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.